

krafizt að fá málskostnað fyrir yfirdómi endurgoldinn, hlýtur hann að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa, þó þannig, að ákvæði hans um sektir fyrir meiðandi ummæli og um ómerking þeirra falli burt.

Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. júlímán.

Nr. 19/1880

Rjettvísinn

gegn

Sigurði Bjarnasyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp á aukapingi Reykjavíkur 9. aprílmán. þ. á., er Sigurður Bjarnason, húsmáður hjer í bænum, dæmdur fyrir illa meðferð á skepnum eptir 299. gr. hinna almennu hegningarlaga í 25 kr. sekt og til að lúka öllum af málinu löglega leiðandi kostnaði, en dómi þessum hefur hann skotið til yfirdómsins. Mál þetta er svo vaxið, að ákærði hafði í haust, er leið, komið hesti 16 vetra gömlum, er hann átti, fyrir á bæ nokkrum í Mosfellssveit til hagagöngu og heyjað þar að 2 hesta af heyi, er gefa skyldi hestinum, er á þyrfti að halda, en á millum jóla og nýárs var ákærða skilað hestinum, bæði meiddum og horuðum; ákærði tók þá hestinn á hús og hey, en ljet hann þó vera úti á daginn niðri í fjöru; svo magur var hesturinn orðinn, að við skoðunargjörð á hestum bæjarins, er fram fór fyrst í febrúarmánuði,

var honum eigi álitíð líft veturinn út, nema hann væri hafður við hús og hey, og við nýja skoðunargjörð á hestinum, er fram fór seinast í febrúar, var hann álitinn eigi að hafa fitnað neitt, og var þó nóg hey fyrir honum, og hann fullur.

Það virðist nú auðsætt, að ákærða eigi verður gefið það að sök, þótt honum væri skilað hestinum meðdum og horudum; meiðslin hafði hesturinn fengið hjá manni, er hann í haust hafði verið ljeður í ferð, og það er eigi upplýst, að ákærði hafi vitað nokkuð um það fyr en honum var skilað hestinum; eins virðist meðferð ákærða á hestinum, eptir að hann fjekk hann, að hafa verið allt önnur en þrælsleg misþyrming, eða grimmdarfull og miskunarlaus meðferð (sjá hegningarlögin 299. gr.), þar sem hann, undireins og hann fjekk hestinn, tók hann á hús og hey, og fór svo með hann, að hann eptir ómótmæltri sögn talsmanns hins ákærða nú er búinn að ná fullum kröptum.

Ákærða ber þannig að dæma sýknan af ákærum sóknarans í máli þessu, og ber að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað úr opinberum sjóði, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10 kr. til hvors, og til svaramanns fyrir undirdóminum 6 kr.

Meðferð málsins fyrir undirdóminum hefur verið lögmat, eins og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Sigurður Bjarnason á af ákærum sóknarans í þessu máli sýkn að vera. — Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal 10 kr. til sóknara við yfirdóminn, Jóns ritara Jónssonar, og 16 kr. til svaramanns hins ákærða fyrir undir-



og yfirdóminum, Páls málaflutningsmanns Melsteðs,  
greiðist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 19. júlímán.

Nr. 20/1880.

Margrjet Ingjaldsdóttir.

gegn

Jóhannesi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af skuldabryfi, sem Sigurjón bóndi Jónsson á Einarstöðum í Reykjadal gaf út 29. maí 1866 til Jóhannesar bónda Guðmundssonar á Skógarseli fyrir 800 kr. láni með 3% árlegum vöxtum og veði í 8 hndr. í Einarstöðum, og er veðskuldabryfi þetta fyrirfram innritað til þinglesturs 27. marz 1878. Um vorið 1870 brá Jóhannes Guðmundsson búi, og fluttist með konu sinni og öllum eigum sínum að Einarstöðum til Sigurjóns í því skyni, að verða próventumaður hjá honum, en næsta ár fluttist hann þaðan aptur og að Skógarseli með allt sitt. Veturinn 1872 andaðist Guðrún Stefánsdóttir, kona Jóhannesar, og var þá bú þeirra hjóna tekið til skipta af hlutaðeigandi skiptaráðanda. Þegar búið var skrifað upp, var áður nefnd skuld Sigurjóns til Jóhannesar að eins talin 200 kr., og hafa uppskriptarmennirnir og annar uppskriptarvotturinn borið, að orsökkin til þess hafi verið sú, að Sigurjón hafi verið viðstaddur við uppskriptargjörðina, og hafi þá samizt svo með þeim Jóhannesi og honum, að helmingur hinnar upprunalegu skuldar, eða 400 kr., skyldi falla niður vegna þess, að ekkert hefði orðið úr próventusamningnum, en þar á ofan kom Sigurjón fram með skuldakröfu á hendur Jóhannesi, að upphæð 200 kr., sem Jóhannes játaði rjetta að vera; uppskriptarmennirnir ljetu því þessar 600 kr.